

WINWOOD READE OG ALDASKIPTABÓK HANS

I

Dagblaðið *Vísir* flutti á sl. ári skáldsögu eftir Somerset Maugham um Afrikufara, þar sem Winwood Reade virðist hafa verið fyrirmynndin. En þrátt fyrir drengskap sinn og stálkjark, er þó skáldsöguhetjan ekki líkt því annar eins merkismaður og hinn sannsögulegi Afrikufari Winwood Reade. Því að auk þess sem Reade hafði til að bera þá kosti sem skáldið lætur prýða söguhetju sína, þá var hann svo mikill gáfumaður, að eftir hann liggur ein af merkisbókum 19. aldarinnar, yfirlit yfir sögu mannkynsins, er hann nefndi „The Martyrdom of Man“: Píslarvætti mannkynsins. Væri um bók þessa margt að segja, og furða mikil að hún skuli vera rituð af manni sem var aðeins rúmlega þritugur. Bókin kom fyrst út 1872, en höfundurinn dó þrem árum síðar, ekki fullra 37 ára. Það er undireins eftirtektarverð bending um afbragðlegt vit þessa manns, að hann kunni vel að meta jarðfræði („The noble science of geology“, s. 334) og bar á það gott skyn, hversu nauðsynleg þau vísindi eru oss til að öðlast skilning á sögu lífsins.

Reade var mjög frjálslyndur gagnvart trúarbrögðunum, og þurfti til þess fádæma kjark, að skrifa á Englandi í kringum 1870, eins frjálmannlega um þau efni og hann gerði. En árangurinn var þá líka sá, að annaðhvort var steinþagað um bók hans, eða væri hennar getið, var farið um hana hinum hörðustu orðum. Og þó hefir bókin um píslarvætti mannkynsins, smám saman orðið stórfræg og mjög viðlesin. Það sem lyftir bók þessari svo hátt upp yfir flestar aðrar, er stór-hugur sá og viðsýni, sem lýsir sér í orðum höfundarins um, hvað framtíðin beri í skauti sínu. „Vér erum nú staddir á dapurlegum öræfum, sem aðgreina tvær trúaraldir“ segir

hann. „Nýtt tímabil er fyrir höndum.“ „Sá tími mun koma að vísindin munu kenna oss að umbreyta líkömum vorum, með aðferðum sem vér getum ekki einu sinni giskað á hverjar muni verða, og mundum ekki skilja, þó að reynt væri til að útskýra þær fyrir oss, fremur en villimaðurinn getur skilið notkun rafmagns, segulmagns og eims. Veikindum mun verða útrýmt, orsakir ellihörnunar afmáðar, ódauðleikinn uppgötvaður. Og þar sem jörðin er smá, mun það mannkyn sem orðið er ódauðlegt, flytja til annarra hnatta, yfir hinar loftlausu auðnir sem skilja jörð frá jörð og sól frá sól. Og jörðin mun verða heilagt land, sem verður heimsótt af pílagrímum úr öllum áttum alheimsins. Að lokum mun mannkynið ná yfírráðum yfir öllum kröftum náttúrunnar. Maðurinn verður þá fullkominn; hann verður þá skapari. Hann mun þá skapa stjörnur og sólhverfi. Hann mun því verða það sem alþýðan dýrkar sem guð. En jafnvel þá mun hann ekki verða neinu nær hinni fyrstu orsök en nú er hann(!) (s. 423)“.

Það er nógu skrýtið, að sjá hugmyndina um ódauðleika mannsins og flutninginn milli himinhnattanna koma fram á þennan hátt. Því að Reade kvaðst vera sannfærður um, að maðurinn, eins og hann er nú, væri ekki ódauðleg vera. Fyrir oss átti það að liggja að bíða með dauðanum fullkominn ósigur. Aðeins kynslóðum framtíðarinnar átti að auðnast að verða ódauðlegir guðir.

Önnur aldaskiptahugsun kemur einnig fram í mjög skríti-legri mynd hjá Reade. Hann hugleiddi mjög gáfulega þá merkilegu uppgötvun, sem var hér um bil jafngömul honum, að mannlíkaminn er samansettur af ótölulegum grúa af eindum, sem hver svarar til smádýrs (eða örkvíkindis, sbr. örmöl, hin smæsta möl). Og af þessu ályktar hann, að í rauninni sé aðeins einn maður til á allri jörðinni, mannkynið sé allt ein heild, þar sem hver einstakur maður svarar til hinnar einstöku frumu í líkamanum.

II

Það er nú að vísu engum vafa undirorpið, að á vora jörð mun, af mjög mörgum milljónum íbúa annarra stjarna, sem hér hafa lifað og héðan liðið fram, verða litið sem „gamla landið“, og framlíðnir munu koma hingað í heimsókn, ekki sem draugar og vofur, heldur sem fullkomnara fólk, er allan hug hefir á að hjálpa jarðarbúum áleiðis til hins æðra lífs. Og það er heldur enginn vafi á því að sigurinn á dauðanum mun hér unninn verða, eða gæti a. m. k. orðið unninn hér. En það er óþarfa sjálf safneitun, að ímynda sér, að einungis seinni og fullkomnari kynslóðir eigi fyrir sér að lifa eilíflega.

En um þá hugmynd Reades, að allt mannkyn sé í rauninni aðeins einn maður, er nokkuð á hinn veginn. Þessi lífheild — og alsamband lífsins í alheimi — er hið mikla takmark, en svo fjarri fer, að það samband sé nú þegar komið á, að miklu fremur má segja, að það sé ekki einu sinni farið að halda í áttina til þess að það geti orðið. Því að það er einmitt þá, þegar sú stefna er tekin, sem aldaskiptin miklu verða, sem svo mjög hafa verið þráð, og svo mjög fyrir spáð, en aldrei svo skýrt, að skilist gæti, hvað það er sem fyrst og fremst þarf við, og ekki verður án verið, ef oss á að auðnast að komast á hina réttu leið.